

Stór tímamót í sögu Listasafnsins

— segir Bera Nordal forstöðumaður



Í mörg horn er að líta áður en Listasafn Íslands verður opnað almenningi. Hér erum við stödd í sérhannaðri geymslu safnsins þar sem myndverk hanga á flekum á þar til gerðum rennibrautum. Þær Bera Nordal og Karla Kristjánsdóttir bera saman bækur sínar meðan Guðmundur Benediktsson og Jóhannes Jóhannesson, báðir myndlistarmenn, huga að málverki.

„Það er óneitanlega mjög hvetjandi að koma í nýtt hús; þetta gjörbreytir allri starfsemi og uppbyggingu,“ sagði Bera Nordal, forstöðumaður Listasafns Íslands, en í dag verður nýtt húsnæði safnsins við Fríkirkju-

veg vígt. Það verður síðan opnað almenningi á morgun, sunnudag.

„Þetta eru stór tímamót í sögu Listasafnsins,“ sagði Bera. „Aðdragandinn að því að komast inn í þetta húsnæði hefur verið æði langur og


það er okkur, sem hér störfum, mikill léttir að nú skuli loksins komið að því.“

Aldarspegill

Jafnhliða vígslunni verður opnuð

málverkasýning sem nefnist ALDARSPEGILL - Íslensk myndlist í eigu safnsins 1900-1987. „Þetta er ekki eiginleg yfirlitssýning,“ sagði Bera. „við komum ekki nema 155 verkum fyrir í sýningarsölunum fjórum. Sýningin


er ekki tæmandi úttekt á þróun íslenskrar myndlistar á þessum tíma en hún gefur ákveðna vísbendingu um það hvernig safnið stendur. Hún er þannig uppbyggð að í hverjum sal eru verk eftir eina kynslóð íslenskra



Á jarðhæð er salur sem nú er helgaður verkum svokallaðrar „millikynslóðar“ í íslenskrari myndlist, þeirra sem brúðu billi milli frumherjanna og nútímans. Hér sést skúlptúr eftir Ásmund Sveinsson og málverk eftir Finn Jónsson, Þorvald Skúlason og Jón Engilberts. Takið eftir að notuð er blönduð lýsing, kastarar og flúrljós. Teppa er á gólfu og skilrúm má færa til eftir þörfum.



Á efstu hæð gamla Glaumbæjar er að finna nýlega íslenska myndlist. Hér sést í málverk eftir Vigni Jóhannesson, Einar Hákonarson og Braga Ásgeirsson, svo skúlptúr eftir Sigurð Guðmundsson.



Bera Nordal, forstöðumaður Listasafnsins, við stiga í anddyri þar sem arkitekt leikur á ýmiss konar efnivið, marmara, gler, steypu, stál og ál. Út frá þessu anddyri, sem það að er dagsbirtu, er gengið inn í sjálfa sýningarsalina.

málara, frá þeim þórnari B. Þorlaks-syni til þess nýjasta sem er að koma fram. Í fyrirlestrasal hússins sýnum við að auki nokkur verk sem okkur hafa borist að gjöf í tilefni af vígslunni, auk annarra verka.

Við þetta tækifæri gefum við út veglega sýningarskrá sem er 230 síður. Þar er meðal annars rakin saga safnhússins, saga íslenskrar myndlistar og þar eru myndir af öllum verkunum á sýningunni.

Aukin leiðsögn

Að sögn Beru er fyrirhugað að efla kynningarstarf í tengslum við opnunina og þessa fyrstu sýningu. „Þetta verður gert á ýmsan hátt. Gestum verður til dæmis boðið upp á fræðslu og leiðsögn af snældum. Þeir geta leigt sér kassettutæki í anddyrinu og skoðað sýninguna um leið og þeir hlýða á fræðslu um valin verk.

Oháð þessu stöndum við fyrir almennt leiðsögn á sunnudögum þar sem sérfræðingur frá okkur fer með hóp um sýninguna. Fólki gefst þannig tækifæri til að spyrja um það sem því finnst forvitnilegt. Með þessu móti náum við líka betra sambandi við sýningargesti og heyrum óskir þeirra.

Á föstudögum hyggjumst við vera vikulega með umfjöllun um mynd mánaðarins en þá verður eitt verk tekið fyrir og það útskýrt fyrir gestum. Mynd febrúarmánaðar er Fantasia eftir Kjarval frá 1940.

Myndbandasýningar

Af öðrum nýjungum nefndi Bera myndbandasýningar sem verða í fyrirlestrasal. „Þarna verða meðal annars sýnd vídeóverk í eigu safnsins og fræðsluþættir um íslenska myndlist. Þessar sýningar verða stöðugar á opnunartíma safnsins nema þegar fyrirlestrar verða í salnum. Fyrirlestrana er ráðgert að halda á laugardögum í tengslum við flestar þær málverkasýningar sem við verðum með.


Það er líka mikils virði að bókasafn Listasafnsins verður nú í fyrsta sinn opnað almenningi. Þó að þetta sé ekki stórt bókasafn er það vísir að einhverju meira; þarna eru meðal annars geymdar allar blaða- og tímaritsgreinar um íslenska myndlist, flestar íslenskar sýningarskrár, auk listaverkabóka og rita um myndlist.

Ég veit að byggingin á eftir að laða fólk hingað en við vonumst til að þessar nýjungar eigi eftir að örva það enn frekar.

Chagall í sumar


Að sögn Beru er dagskrá Listasafnsins árið 1988 að mestu leyti ákveðin. Sýningin ALDARSPEGILL stendur fram í miðjan maí nema hvað einn sýningarsalur verður tekinn undir grafíkmyndir og málverk eftir Frakkann Pierre Soulages um miðjan apríl.

Í júní verða settar upp tvær sýning-



Þessi salur neðst í húsinu er lagður margbrotnu og gljáandi parketi. Þar eru verk eftir frumkvöðla íslenskrar myndlistar. Hér má sjá nokkur þekktustu verk Jóns Stefánssonar. Eftirtektarvert er að sérstakir flekar eru settir utan á hina eiginlegu vegg og er hægt að mála þá eftir þörfum.

ar í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Listahátíðarnefnd stendur fyrir lítilli sýningu á málverkum og teikningum eftir rússneska malarann Marc Chagall í einum sýningarsalnum en í hinum verður sýning á norrænni abstraktlist á vegum Listasafnsins. Þetta er sýning sem fer á



Glaumbær hefur ekki tapað sinni gömlu reisu en alls staðar í hinni nýju byggingu Listasafnsins er tekið mið af bogum þeim sem setja svip sinn á húsið.

milli allra Norðurlandanna. Af haustdagskránni má nefna sýningu á verkum ungra íslenskra listamanna, tíu ára afmælisýningu Nýlistasafnsins og sýningu á verkum eftir Kristínu Jónsdóttur.

„Þetta fyrsta ár í nýju húsi leggjum við höfuðáherslu á íslenska myndlist.“ sagði Bera. „Það er hins vegar stór kostur við húsnæðið að salirnir eru það aðskildir að það truflar ekki stórar sýningar þótt við leggjum einn þeirra undir litlar sýningar, eins og á verkum þeirra Soulages og Chagall.“

Fjárhagurinn

Aðspurð sagði Bera að það væri



Sýnishorn af listaverkæign safnsins, en nú er áætlað að í því séu hátt í fimmm þúsund verk.

vissulega dýrt að reka stofnun á borð við Listasafn Íslands. „Meðan aðrar stofnanir reyna að draga saman seglin þá er það eðli okkar að þenjast út. Þetta er safn og söfnum er ætlað að safna. Um leið þurfum við alltaf fleira og fleira starfsfólk.

Sem stendur hefur safnið tæp sjö stöðugildi, fyrir utan gæslu- og ræstingarfólk. Við fáum árlega fjárveitingu frá ríkinu til að greiða rekstur safnsins og auk þess sérstaka peninga til listaverkakaupa. Síðarnefnda fjárhæðin var hærri í ár en oft áður, eða 7 milljónir, en við þyrftum meira til. Safnið þarf bæði að kaupa eldri verk og sinna nýrri íslenskri myndlist.“

5000 listaverk

„Listaverkæign Listasafns Íslands er um 5000 verk en tveir þriðju hlutar þeirra eru gjafir sem safninu hafa borist, bæði frá einstaklingum og listamönnum. Án þessa velvilja væri safnið ekki svipur hjá sjón.

Það má ekki taka þessu sem svo að ég sé að ásaka ríkisvaldið fyrir hiruðleysi um hag Listasafnsins. Hugsanlegt er að fleiri aðilar geti átt hér hlut að máli. Það gæti til dæmis verið mikils virði ef stofnanir og fyrirtæki fengjust til að standa að því í samvinnu við safnið að fá erlendar stórsýningar til landsins. Hingað til hefur slíkt verið óframkvæmanlegt. Það er bæði of kostnaðarsamt, auk þess sem öryggiskerfið í gamla húsnæðinu var í flestum tilvikum ófullnægjandi. Nú hafa aðstæðurnar breyst.“

Ekki bruðlað

Þegar Bera var innt eftir álitinu á þeirri gagnrýni sem byggingarnefnd safnhússins hefur orðið fyrir, sagði hún að sér fyndist nefndin ekki hafa bruðlað við uppbyggingu hússins. „Frá upphafi var einhugur um að þetta yrði vandað og glæsilegt hús. Það á að standa um ókomna tíð og bygging þess verður ekki endurtekin. Það þarf að vera jafnklassískt eftir 100 ár og það er í dag.

Varðandi aðbúnað fyrir gesti var ákveðið að gera sömu kröfur til hans

og þeirra verka sem við kaupum; þau þurfa að vera fyrsta flokks. Það er hins vegar enginn íbúður á skrifstofum eða í þeirri aðstöðu sem að starfsfólkinu snýr.

Í heild finnst mér að með byggingunni hafi tekist að skapa látlausan en vandaðan bakgrunn að þeim verkum sem hér verða sýnd.“

-JKH

Íbúar Kóreu þekkja
RAUDAN GINSENG!
EN ÞÚ?




Agnar K. Hreinsson hf., sími 16382
Hafnarhús – pósthólf 654 – 121 Reykjavík

U-BIX 120

Ljósritunarvélin
Stórfelld
verðlækkun!

Nú er rétti tíminn til
að kaupa
Verð kr.
48.960,- stgr.



OTTO A. MICHELSEN
SKRIFSTOFUVÉLAR H.F.
SKRIFTVÉLAMEISTARI

Hverfisgötu 33, sími 62-37-37
Akureyri: Tölvutæki – Bókval
Kaupvangsstræti 4, sími 26100